

Miðvikudaginn 11. maí 1983.

Nr. 50/1983. **Ingólfur Guðbrandsson, eigandi**

Ferðaskrifstofunnar Útsýnar,

(Tómas Gunnarsson hrl.)

gegn

Gísli Gestssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Synjað um innsetningargerð. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1983. Hann gerir þær dómkröfur, „að honum verði með innsetningargerð fengin í hendur umráð allra filma, sem áfrýjandi á í vörslum stefnda.

Sérstaklega er krafist innsetningar á þessum filmum:

A. Spóla með frummyndum að sjónvarpsauglýsingum Útsýnar fyrir árið 1982.

B. Frummyndir að sjónvarpsauglýsingum Útsýnar árin 1980 og 1981.

C. Frummyndir að filmum Ingólfs Guðbrandssonar og þeim filmum, sem Gísli Gestsson hefur tekið sérstaklega fyrir Útsýn árin 1979, 1980 og 1981.“

Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Hinn áfrýjaði úrskurður er án forsendna samkvæmt 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981.

Málavextir eru þessir:

Áfrýjandi er einkaeigandi Ferðaskrifstofunnar Útsýnar. Það mun hafa verið árið 1975, sem áfrýjandi leitaði eftir þjónustu stefnda, einkaeiganda Víðsjár - kvikmyndagerðar, við gerð auglýsingakvikmyndar fyrir ferðaskrifstofuna. Munu málsaðiljar síðan hafa átt viðskipti saman fram á árið 1982. Eigi gerðu aðiljar með sér skriflegan samning.

Áfrýjandi hefur lýst viðskiptum þeirra þannig, að stefndi hafi látið í té eða haft milligöngu um útvegum nokkurra þátta, einkum tæknilegra, við gerð myndanna. Var þar um að ræða kaup áfrýjanda á filmum af stefnda, leigu á kvikmyndatökuvélum og töku á kvikmyndum að hluta til. Telur áfrýjandi, að stefndi hafi tekið um 20%—30% myndanna. Einnig kaup á erlendum vinnslukostnaði vegna framköllunar, yfirfærslu kvikmyndanna á myndbönd, leigu á upptökusal vegna tónyfirfærslu, leigu á klippitækjum, kaup á vinnu-, „kópíum“, frummyndarklipping, vinna við klippingu, símtöl og skeyti vegna vinnslu erlendis.

Áfrýjandi kveður alla skipulagningu, stjórnun og fjármögnun við gerð myndanna hafa verið á sinni hendi. Hann hafi ákveðið, hvar, hvað og hvenær var kvikmyndað, valið fólk til að koma fram í myndunum og greitt því laun auk ferða- og dvalarkostnaðar. Þá hafi áfrýjandi einnig gert handrit að kvikmyndunum, haft á hendi leikstjórn og sjálfur tekið meginhluta myndanna. Alla tæknilega þætti, er stefndi vann við gerð myndanna, hafi hann unnið samkvæmt óskum áfrýjanda, sem sjálfur hafi lagt þar hönd að verki, svo sem við klippingu myndanna. Þá hafi leikur og söngur í kvikmyndunum alfarið verið undir stjórn áfrýjanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hlutverk áfrýjanda hafi verið það, sem tíðkanlegt er við gerð auglýsingamynda. Hann hafi stundum verið viðstaddur upptökur, valið tónlist í samráði við stefnda og stundum fylgst með klippingu, en val á fyrirsætum í einstök upptökuaðriði, framkvæmd töku, hljóðsetning og frágangur hafi alfarið verið í höndum stefnda.

Stefndi kveðst hafa fengið greiddan útlagðan kostnað fyrir verk sitt í þágu áfrýjanda og þóknun, aðallega með umboðslaunum frá Ríkisútvarpinu vegna birtinga á auglýsingakvikmyndum frá áfrýj-

anda í sjónvarpinu. Nam sú þóknun 8.1% afslætti af brúttóverði auglýsinga.

II.

Áfrýjandi rökstyður kröfur sínar með því, að hann einn sé eigandi þeirra mynda, sem afhendingar er krafist á. Hafi hann greitt allan kostnað vegna gerðar myndanna, þar með talin laun stefnda vegna þáttar hans við gerð myndanna. Sérstök höfundaréttindi eigi ekki við um einn mjög afmarkaðan þátt verks, sem ekki verði skilinn frá öðrum þáttum þess, nema slíkt hafi verið berlega áskilið eða um samið í upphafi. Svo sé ekki í þessu máli. Hafi áfrýjandi litið svo á, að þóknun (afsláttur) sjónvarpsins væri fyrir milligöngu stefnda vegna sýningar myndanna þar.

III.

Stefndi rökstyður kröfur sínar með því, að allur réttur yfir neikvæðum myndum (negatívum) og höfundaréttur að auglýsingum sé í hans höndum. Verk hans njóti verndar samkvæmt 2. mgr. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Áfrýjandi hafi ekki áskilið sér neinn afnota- eða birtingarrétt á auglýsingunum nema gegn greiðslu, sem stefnda hafi verið tryggð með framangreindum afslætti af auglýsingum í sjónvarpinu. Enda þótt hið viðskiptalega samband málsaðiljanna sé nú niður fallið, þá breyti það engu um fyrri samninga um verk, sem þegar hafi verið gerð. Áfrýjandi eigi rétt á því, að þau verði notuð, eins og til stóð, sem auglýsingar í sjónvarpinu og stefndi eigi rétt á því að fá þær greiðslur, sem um var samið, þ. e. afslátt hjá sjónvarpinu eða greiðslur, sem samsvara honum. Vilji áfrýjandi breyta þessu nú, þá verði hann að semja um það við stefnda.

Þá byggir stefndi mótmæli sín gegn framgangi innsetningarinnar einnig á því, að til þess að innsetningarbeiðni áfrýjanda nái fram að ganga, þurfi réttur hans að vera ótvíræður og jafnframt verði að vera öldungis ljóst, að hvaða réttindum eða munum innsetningin beinist. Hvorugu þessu sé til að dreifa í þessu máli.

Munir þeir, sem krafist er innsetningar í, eru ekki svo skýrt skilgreindir sem nauðsyn ber til. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að mjög mikill ágreiningur er milli aðilja um staðreyndir. Deila aðiljar um það, hvers konar rétt hvor þeirra eigi

til þeirra verðmæta, sem gerðin beinist að. Slíkan ágreining ber ekki undir fógætarétt. Brestur því réttarfarsskilyrði fyrir beinni fógæta-gerð í máli þessu, enda önnur réttarfarsúrræði tiltæk.

Verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar, en með því er þó ekki tekin afstaða til réttar áfrýjanda til þeirra hluta, er hér um ræðir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Synjað er um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Miðvikudaginn 11. maí 1983.

Nr. 200/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Sigurði Inga Svavarssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Sýknað af ákæru fyrir brot í opinberu starfi, 139. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 25. ágúst 1982 og einnig áfrýjað því til þyngingar viðurlaga. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 14. janúar sl.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit af þinghaldi í sakadómi